



SÝSLUMAÐURINN Í REYKJAVÍK

Alþingi

Erindi nr. P 132/2115

komudagur

18. S. 2006

Dagsetning

Tilvísun

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

16. maí 2006

Varðar: Beiðni, dags. 5. maí 2006, um umsögn sýslumannsins í Reykjavík um frumvarp til laga um skráningu og þinglýsingu skipa, 666 mál, miðlægur þinglýsingargagnagrunnur.

Athugasemdir vegna breytinga á þinglýsingalögum nr. 39/1978, með síðari breytingum

Sýslumaðurinn í Reykjavík er í grundvallaratriðum andsnúinn þeim breytingum sem frumvarpið gerir ráð fyrir á 41. gr. þinglýsingalaga.

Frumvarpið felur í sér svo róttækar breytingar á þinglýsingarstarfsemi sem tæplega er unnt að una við.

Í þinglýsingalögnum nr. 39/1978 fer þinglýsing er snertir fasteign fram í umdæmi því sem eignin er í sbr. 20. gr. laganna, þinglýsing skjala er varða skip 5 rúmlestir eða stærri skal fara fram þar í umdæmi sem skipið er skráð og skjali er varðar lausafé þ.á.m. skip sem ekki er skráningarskytt skal þinglýsa á heimavarnarþingi eiganda þeirra eigna sem haft er fellt á sbr. 47. gr. laganna.

Sýslumaðurinn í Reykjavík telur að sú breyting sem ofangreint frumvarp felur í sér geti dregið úr réttaröryggi og haft hættu í för með sér auk þess sem hún stríðir gegn ævagamalla hefð. Ekki verður séð að hið nýja frumvarp bæti réttaröryggi eða auki skilvirkni í þessum málaflokki á nokkurn hátt þvert á móti.

Þó er ljóst að eitthvað má gera til að auka skilvirkni og bæta þinglýsingarlögin að því er varðar þinglýsingu skipa. Sérstaklega hefur ákvæði 42. gr. laganna um flutning skjala milli sýslumannsembætta verið tímafrek og erfið í framkvæmd.

Sýslumaðurinn í Reykjavík hefur lagt til að skráning eignarheimilda þ.e. beinna eignarréttinda yfir skipum verði gerð miðlæg. Sú miðlæga skráning gæti allt eins farið fram hjá embætti sýslumannsins á Ísafirði í samráði við siglingamálayfirvöld. **Þinglýsing óbeinna eignarréttinda s.s. veðbanda þ.m.t. veðskjala og yfirlýsinga ýmis konar er varða skip ætli hins vegar hér eftir sem hingað til að fara fram þar sem skipið er skráð og eigandi skips og útgerð þess er staðsett.** Eigendaskráning ökutækja fer t.d. fram hjá Umferðarstofu en þinglýsing óbeinna réttinda yfir ökutækjum hjá sýslumönnum. Ekki verður annað sé en að það fyrirkomulag sé gott.

Góðra gjalda vert er að taka upp samræmdan þinglýsingargagnagrunn fyrir skip í gegnum Landskrá fasteigna og rík ástæða er til að tölvuskrá réttindi er varða skip hér á landi.



Athugasemdir vegna breytinga á lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, með síðari breytingum

Ekki verður séð að rök hnigi til breytinga á 2. mgr. 18. gr. ofangreindra laga. Breyting fæli í sér óhagræði og kostnaðarauka fyrir aðila máls að því gefnu að þeir séu með starfsemi annars staðar en á Vestfjörðum.

Póti Laugrímsson



Stef - Stef - Stef